

2. fundur í starfshópi um dagdvöl fyrir heilabilaða.

Haldinn 10.10.2018 kl. 10.

Mættir: Valdimar Víðisson, Auðbjörg Ólafsdóttir og Rannveig Einarsdóttir.

Farið var í vettvangsferð að St. Jósefsspítala, Sólvangi og Strandgötu 75/Drafnarhús með það að markmiði að kanna heppilega staðsetningu fyrir dagdvöl fyrir heilabilaða.

Eva Rún Michelsen, verkefnastjóri tók á móti starfshópnum á st. Jósefsspítala og kynnti stöðu framkvæmda, fyrirhugað verkefni og möguleika á staðsetningu dagdvalar fyrir heilabilaða í húsinu.

María, forstöðumaður í dagdvöl eldri borgara að Sólvangi tók á móti starfshópnum á Sólvangi og sýndi aðstöðuna á fyrstu hæð hússins þar sem fyrirhugað hefur verið að stækka dagdvöl fyrir eldri borgara.

Ingvar Guðmundsson, eigandi húsnæðis að Strandgötu 75 sýndi húsnæðið sem er á sömu hæð og dagdvöl fyrir heilabilaða sem rekin er af Alzheimersamtökunum.

Starfshópurinn fékk einnig kynningu á starfi dagdvalarinnar í Drafnarhúsi en Hrönn forstöðumaður sýndi húsakynni og fór yfir helstu áherslur í starfi dagdvalarinnar.

Fundi slitið kl. 12.

Rannveig Einarsdóttir, ritaði fundargerð.